

ÞJÓNUSTUSTEFNA

Verkís ætlar að bjóða fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræðiráðgjafar og skyldum greinum. Starfsfólkið okkar býr yfir áratuga reynslu og faglegri þekkingu og við viljum hlúa að því þannig að þau geti haldið áfram að gera gott samfélag enn betra. Með stöðugri endurmenntun, miðlun þekkingar og því að huga vel að heilsu, öryggi og vellíðan starfsfólksins verður það ánægðara og fyrirtækið samkeppnishæfara.

- Við leitum stöðugt og markvisst að tækifærum til að bæta verkferla og innra starfsumhverfi. Frammistaða og ferli eru í stöðugri endurskoðun til að auka ánægju viðskiptaaðila og annarra hagaðila.
- Við einsetjum okkur að halda áfram að þróa og viðhalda vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO 9001. Við förum að lögum og reglum. Við leggjum áherslu á gæði úrlausna, framþróun og bættu skilvirkni. Við hikum ekki við að skoða hvernig við getum gert góða hluti enn betri.
- Það skiptir okkur máli að eiga góð og heiðarleg samskipti við viðskiptavinir okkar og mæta þörfum þeirra og væntingum. Við hlustum á viðskiptavininum og leggjum okkur fram við að leysa vel úr þeim málum sem upp koma.
- Við leggjum lykiláherslu á að veita skilvirka og framúrskarandi þjónustu sem skilar hagkvæmum og vönduðum lausnum á umsömdum tíma. Við viljum að viðskiptavinir okkar séu upplýstir um framvindu verkefna sinna á hverjum tíma.
- Við leggjum áherslu á að tileinka okkur nútímalegar lausnir við úrlausn verkefna og vinnum með menntastofnunum, fagfélögum og öðrum samstarfsaðilum að sameiginlegum markmiðum um nýsköpun og sjálfbærni við uppbyggingu samfélagsins og innviða þess.

Í níutíu ár hefur Verkís verið treyst til að koma hugmyndum í framkvæmd. Það gerir það að verkum að við höfum fengið tækifæri til að afla okkur dýrmætrar þekkingar og reynslu sem við búum að. Saga okkar er samofin uppbyggingu íslensks samfélags og við horfum bjartsýn til framtíðar með heilindi, metnað og frumkvæði að leiðarljósi.

Samþykkt af framkvæmdastjórn 21.11 2022

F.h. Verkís



Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri